

## Tennissamband Íslands



**Mættir:** Helgi, Prándur, Bragi, Gunnar, Raj og Júlíana.

### **Fundarefni:**

1. Viðurkenningarskjölin fóru til Jónasar, hafa hingað til verið kostuð af TSÍ sem stjórninni fannst í lagi að héldi áfram.
2. Varðandi vallaleiguna í Tennishöllinni þar sem strákar u14 kepptu á móti núna í sumar, þá varð Jónas að nýta tíma sem hann hefði annars getað selt, hann sendi okkur þess vegna reikning.
3. Helgi ræddi við Raket vefstjóra um þóknun til hennar vegna viðhalds vefs Tennissambandsins, en þóknunin er nú 300.000 kr. á ári. Ákveðið að halda þóknun óbreyttri, en mikilvægt er að vefurinn sé lifandi og gefi góða mynd af því sem er um að vera.
4. Stigalisti TSÍ – Prándur hafði samband við Jónas og ætla þeir að finna tíma til að skoða það sem Jónas hefur til málanna að leggja. Raj talaði um að æskilegt væri að hafa reglur einfaldar um slíka lista og auðvelt ætti að vera að nýta það sem aðrar þjóðir eru að gera. Raj mun koma ábendingum til Prándar um erlendar fyrirmyndir. Raj bauð sig einnig fram til að sjá um þennan lista en Prándur ætlar að taka málið áfram því stjórnin telur best að þeir sem eru í toppbaráttu í mótum sjái ekki um listann.
5. Ólympíumót Æskunnar: Anna stóð sig mjög vel með krakkana, árangurinn hefði samt mátt vera betri.
6. Hrvoje Zmajic (ITF /Tennis Europe Development Officer) kemur 12. -15. september til landsins og mun hann skoða okkar mál í landsliðsmálum og atvinnumennsku.
7. Fjölmíðlamálin: Helgi reyndi að ná á Rúv í gær og sendi öllum fjölmíðlum upplýsingar varðandi Íslandsmótið.
8. Landsliðsmál:
  - a. Stigalisti TSÍ er lyklatríði hjá okkur.
  - b. Tennismenntaskólinn – ákveðið að stjórnin sjái um að kynna þetta fyrir þeim sem eiga rétt á að nýta þetta, en einnig mikilvægt að upplýsa almennt um þetta tækifæri, því þetta er rausnalegt boð og við fáum jafn mikla styrki þarna og stórbjóðirnar.
9. Lagður fram reikningur v. þjálfaranámskeiðs á vegum Raj sem TSÍ mun greiða.
10. Dómaranefnd: Raj og Óskar sitja í þeirri nefnd. Farið var yfir póst frá Andra þar sem hann fer yfir dómgæslumálin varðandi greiðslur. Rætt um 6 leikja skuldbindingu – 24.000 kr. sem það myndi kosta þar sem greitt er 4000 kr. fyrir hvern leik. Ákveðið að dómara fái framvegis greitt 4000 kr. fyrir dómgæslu í meistaraflokki en 3000 kr. fyrir unglingsflokka. Spurning með línudómarana varðandi greiðslu til þeirra (rætt um hvort nóg sé að þeir fái boli). Raj ætlar að tala við Óskar og einnig Grím sem sér um meistaraflokkinn á Íslandsmótinu. Sleppum boltakrökkum núna, mikið mál að þjálfar upp boltakrakka að sögn Raj og því gæti verið góð hugmynd að nota veturinn í að þjálfar þá upp með því að fá unglingslandsliðið til að taka leiki á æfingum og tenniskrakka til að vera boltakrakka á þeim æfingaleikjum. Raj ræddi um breytta reglu varðandi það þegar keppandi dæmir sjálfur bolta andstæðings úti en hættir svo við og segir hann hafa verið inni – þá er stigið ekki spilað aftur heldur missir sá stigið sem dæmdi boltann úti.
11. Hugmynd um sameiginlegt lokahóf eftir Íslandsmót utanhúss. Skoðað hvort hægt verði að halda það í Þróttarheimilinu, annars verða aðrir kostir skoðaðir.

12. Mótamálin: Helgi var búinn að ræða við Jónas um að setja upp tímasetningar á mótum með tilliti til þess að það séu lausir tímar í höllinni. Einbeitum okkur núna að Íslandsmótinu og svo förum við í skipulagningu annarra móta.
13. Nýtt Tennishús – Helgi er að ýta á þetta til að halda þessari umræðu vakandi.

Næsti fundur: í byrjun september, verður ákveðið síðar.